

Nd.

114. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25 % gengisviðauka.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin er öll á einu máli um það, að nauðsyn beri til að útvega ríkissjóði nú þegar tekjuauka, sem nægi til þess að fyrirbyggja tekjuhalla á yfirstandandi ári. En nefndarmenn hafa ekki orðið ásáttir um leiðirnar til þessa nema að nokkru leyti, og vill meiri hluti nefndarinnar aðhyllast þetta frv. sem einn lið í nauðsynlegum ráðstöfunum til tekjuauka handa ríkissjóði.

Til undirbúnings þessa máls þarf fyrst að reyna að gera sjer grein fyrir, hve mikinn tekjuauka muni þurfa á yfirstandandi ári. Í því skyni hefir nefndin fyrst athugað, hver tekjuhallinn muni verða árið 1923, eftir því sem nú verður sjeð, og styðst hún þar við yfirlit fjármálaráðherra í ræðu hans við 1. umr. fjárlaganna og upplýsingar frá ríkisbókhaldinu til viðbótar.

Samkvæmt yfirliti ráðherra er tekjuhalli ársins 1923 talinn kr. 1381296.00	
Hjer við bætast upphæðir tekjumegin, sem eru bein eyðsla á eign:	
Andvirði fyrir Borg	kr. 181846.00
Endurgreiðsla frá landsverslun	— 661285.79
	<hr/>
	Samtals kr. 2224427.79

Frá dragast liðir gjaldamegin, sem ekki tilheyra rekstrarútgjöldum:

Varið til smíða á Esju	kr. 242675.41
Lán til Flóaáveitufjelags	— 121500.00 kr. 364175.41
Rekstrarhalli eftir því	kr. 1860252.38

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldinu má gera ráð fyrir, að enn bætist nokkuð við gjöldin, og er því ekki gerlegt nú sem stendur að áætla endanlegan rekstrarhalla ársins 1923 minni en 2 miljónir króna.

Raunverulegar tekjur virðast hafa orðið á árinu 1923 ca. kr. 8115000.00. Í fjárlögnum fyrir 1924 eru tekjurnar áætlaðar sem næst sama upphæð, eða kr. 8162400,00, og er að svo stöddu ekki gerandi ráð fyrir, að þær verði meiri með núverandi tekjulöggjöf. Spurningin verður þá sú, hve mikil gjöldin muni verða 1924. Í fjárlögnum eru þau áætluð kr. 8340674.08, en samkvæmt undanfarinni reynslu hljóta þau að verða talsvert miklu meiri, jafnvel þó ýtrasta sparnaðar sje gætt. Til samauburðar má nefna, að í fjárlögnum fyrir 1923 voru gjöldin áætluð rúmlega 7,9 miljónir kr., en munu reynast um 10 miljónir kr., þar af gjöld alveg utan fjárlaga 1,4 miljón kr. Slik gjöld utan fjárlaga hljóta einnig að koma á árinu 1924, því að fjárlögin fyrir það ár eru yfir höfuð samin á mjög líkum grundvelli og fjárlögin 1923.

Nú hefir landsstjórnin ákveðið að fella niður flestar verklegar framkvæmdir á árinu 1924, og mun þetta taka bæði til þeirra, sem fje er veitt til í fjárlögum, og þeirra, sem framkvæmdar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum en fjárlögum. Nefndin hefir athugað, hve miklu þessar niðurfærslur muni nema, og með tilliti til þess, að vitanlegt er að sumir gjaldaliðir fjárlaga 1924 hljóta að fara mikið fram úr áætlun, t. d. berklavarnakostnaður samkvæmt lögum frá 1921, sem er áætlaður 75 þús. kr., en verður líklega 3—400 þús. kr., þá þorir nefndin ekki að áætla að meira muni á tekjuhallanum en $\frac{1}{2}$ miljón kr. frá því, sem hann reynist árið 1923. Samkvæmt þessu telur nefndin ekki óhætt að gera ráð fyrir minni tekjuauka en 1,5 miljón kr. á árinu 1924, til þess að trygt verði að tekjur samsvari gjöldum. Þær ráðstafanir til tekjuauka, sem nú verða gerðar, geta ekki náð nema til þriggja ársfjórðunga af árinu 1924, og þurfa þær þá að samsvara því, að ríkissjóður á einu ári fengi af þeim 2 miljónir króna.

Aðflutningstollarnir hafa verið árin 1922 og 1923 sem hjer segir:

	1922.	1923.
Áfengistollur	338764 kr.	471905 kr.
Tóbakstollur	339288 —	429758 —
Kaffi- og sykurtollur	886147 —	811372 —
Annað aðflutningsgjald	125803 —	110986 —
	<hr/>	<hr/>
	Flyt: 1690002 kr.	1824021 kr.

	Flutt: 1690002 kr.	1824021 kr.
Vörutollur ¹⁾	1132104 —	1052101 —
	Tollar alls 2822106 kr.	2876122 kr.
Ennfremur: Vitagjald	203499 —	196097 —

Upphæðin, sem gengisviðaukinn samkvæmt frv. kemur á, nemur þannig sem næst 3 milj. kr. yfir árið, og yrði þá tekjuaukinn með óbreyttum innflutningi um 750 þús. kr. yfir árið eða um 560 þús. kr. á þrem ársfjórðungum. Vegna væntanlegrar minkunar á innflutningi, má þó ekki áætla meira en 500 þús. kr. árið 1924.

Það virðist ekki verða hjá því komist að taka þennan tekjuauka, einkum þegar þess er gætt, að með lækkandi gengi krónunnar hafa tollarnir í raun og veru lækkað miklu meira en sem nemur þessum 25% viðauka. Það væri af mörgum ástæðum æskilegt, að gengisbreytingar hefðu sem minst áhrif á raunverulegar tekjur ríkissjóðs, þannig að krónutala þeirra hækkaði tiltölulega með lækkandi gengi. Þetta á sjer stað um 1% útflutningsgjaldið, og tekju- og eignarskatturinn fer ennþá frekar eftir samskonar lög máli. Þar sem nú er æskilegt að draga úr innflutningi til landsins, má það heita alveg óeðlilegt að láta aðflutningstollana raunverulega lækka í hlutfalli við aðrar álögur til ríkisþarfa, og telur einn nefndarmanna (J. P.), að rjett væri að fara lengra en stjórnarfrv. gerir og innheimta alla tolla með gullgengi, nema vörutoll af beinum nauðsynjavörum.

Á móti þessum 25% viðauka á öllum tollum er það haft, að nokkuð af honum lendi á nauðsynjavörum og orsaki verðhækkun á þeim, en hún valdi aftur vaxandi dýrtíð og kauphækkunarkröfum. En þess ber að gæta, að af allri hækkuninni, sem mundi nema um 750 þús. kr. á heilu ári, kemur einungis lítill hluti niður á lífsnauðsynjum og framleiðsluvörum. Eftir upplýsingum frá Hagstofunni hefir tollur á nauðsynjavörum numið sem hjer segir árið 1922, miðað við núgildandi lagaákvæði:

Vörutollur 1. fl. (kornvörur, steinolia, sement o. fl.)	180850 kr.
— 2. fl. (ýmsar járnvörur, veiðarfæri o. fl.)	176332 —
— 4. fl. (kol og salt)	314297 —
— 5. fl. (trjáviður)	37502 —
	Samtals 708981 kr.

Hjer við má ef til vill bæta sykurtollinum, sem var 472759 —

Hækkunin á vörutolli í 1. fl. mundi nema árlega um 45 þús. kr. og koma niður á vörumagni, sem árið 1921 nam 7538605 kr., og er þá hækkunin 0,6% af verðmætinu. Á kornvörum nemur hækkunin 15 au. á hvern heilsekk (100 kg.). Steinolia er nú undanþegin vörutolli, og nær hækkunin því ekki til hennar, nema sjerstakt ákvæði sje um það gert.

Á 2. tollflokki mun hækkunin nema um 44 þús. kr. yfir árið. Verðmæti þess flokks var 1921 4854449 kr., og nemur hækkunin eftir því nál. 0,9% af vöruverðinu.

Af vörutollsvörunum kemur viðaukinn einna þyngst niður á kolum og salti, 75 au. á tonnið af kolum, eða um 1% af verðinu, og 37½ eyrir á tonnið

1) Eftir núgildandi tollhæð á kolum og salti.

af salti. Það hefir þó orðið ofan á hjá meiri hluta nefndarinnar, að vilja ekki undanskilja þessar vörutegundir hækkunni, meðan ekki er farið fram á meira en 25% gengisviðauka, eins og frv. gerir, og er hann því mótfallinn brtt. á þskj. 67, að Á. F. undanskildum.

Loks má telja sykur meðal nauðsynjavarnings, en þó álitur nefndin, að sykureyðsla hafi verið hjer fram úr hófi og mætti vel minka nokkuð.

Meiri hlutinn lítur svo á, að þar sem nú er íráði að gera viðtækar ráðstafanir til að sporna á móti innflutningi á óþörfum og miður nauðsynlegum vörum, þá tjái ekki að byggja tekjuauka handa ríkissjóði eingöngu á innflutningsgjöldum af slíkum vörum, heldur verði menn að sætta sig við það, að einhver hluti tekjuaukans komi á vörur, sem eigi geta talist óþarfar.

Loks vill meiri hlutinn — og reyndar nefndin öll — leggja mjög ríka áherslu á það, að stjórnin gæti ýrtruðu sparsemdar á sjerhverju sviði við framkvæmd fjárlaganna á yfirstandandi ári og eftirleiðis, og að hún láti þetta og önnur tekjuaukafrumv. ekki freista sín til neinnar tilslökunar í því efni.

Að endingu viljum vjer geta þess, að vjer teljum mjög æskilegt að frv. þetta fái sem hraðasta afgreiðslu hjá báðum deildum þingsins, af ástæðum, sem eru svo augljósar, að um þær þarf ekki að ræða.

Alþingi, 12. mars 1924.

Jón Þorláksson,
form. og frsm.

Jörundur Brynjólfsson,
fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson.

Jón A. Jónsson.

Aug. Flygenring.